



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

11. júní 2014

Tilvísun: 2013090031

Efni: Umræðuskjal nr. 8/2014 um drög á endurskoðuðum reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 8/2014. Umræðuskjalið inniheldur drög að endurskoðuðum reglum um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja. Reglurnar verða settar með heimild í 3. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Með þessu dreifibréfi gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Skjölín eru einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Með reglunum eru gerðar breytingar á reglum nr. 887/2012, sem munu vera endurútgefnar sem nýjar reglur. Leitast er við að skýra nánar verklag og grundvöll þess að stjórnarmenn, m.a. þeirra sem áður hafa verið kosnir sem varamenn í stjórn félagsins og taka sæti í aðalstjórn þess, eru boðaðir í munnlegt hæfismat.

Í drögunum er kveðið sérstaklega á um að munnlegt hæfismat geti m.a. farið fram þegar aðili er kosinn í stjórn fjármálafyrirtækis, þegar varamaður fjármálafyrirtækis sem ekki hefur farið í munnlegt hæfismat er kosinn sem aðalmaður í stjórn þess eða ef þeir þættir sem tilgreindir eru í 20. gr. reglnanna gefa tilefni til, sbr. ný 2. mgr. 17. gr. reglnanna. Með þessum breytingum er verið að skýra og áréttta við hvaða aðstæður stjórnarmenn gangast undir munnlegt hæfismat.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjali berist eftirlitinu eigi síðar en 27. júní nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsíðu meðfylgjandi umræðuskjals nr. 8/2014.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Rúnar Guðmundsson


Alma Jónsdóttir